

**Nd.**

## **273. Frumvarp til laga**

um heimild fyrir Sláturfélag Suðurlands til að innkalla stofnbref sín.

Flm.: Pétur Ottesen, Jörundur Brynjólfsson, Bjarni Bjarnason,  
Sveinbjörn Högnason, Helgi Jónasson, Gísli Sveinsson, Ólafur Thors.

### **1. gr.**

Sláturfélagi Suðurlands veitist heimild til að innkalla stofnbref þau, er út hafa verið gefin til félagsmanna, gegn því að afhenda félagsmönnum samtímis og bréfunum er skilað stofnfjábækur fyrir innstæðu þeirra í stofnsjóði.

### **2. gr.**

Auglýsing um innköllunina skal birt í Lögbirtingablaðinu á venjulegan hátt að minnsta kosti með þriggja mánaða fyrirvara. Einnig skal auglýsa innköllunina í þeim vikublöðum eða dagblöðum, sem ætla má, að hafi verulega útbreiðslu á félagssvæðinu. Í auglýsingu skal skýrt kveðið á um eindaga afhendingar og það jafnframt tekið fram, að þau bréf, sem ekki hafa verið afhent á eindaga, skuli ógild vera og réttlaus.

### **3. gr.**

Að innköllunarfresti liðnum skal Sláturfélagið færa inn í viðskiptabækurnar stofnfjáreign félagsmanna án tillits til þess, hvort bréfin hafa verið afhent eða eigi, enda fellur niður skylda félagsins til að innleysa bréfin, þótt þau komi síðar fram.

### **4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk Sláturfélags Suðurlands.

Reynslan hefir sýnt, að allmikil brögð eru að því, að bréf þau, sem gefin eru út fyrir eign þeirri, sem mönnum safnast í stofnsjóði félagsins, glatast. Til þess að eigendur slíkra bréfa missi ekki stofnfjáreign sína í félaginu verður að ógilda þau bréf með dómi, en það er ærið kostnaðarsamt.

Félagið hefir því ákveðið að breyta til um þetta, þannig að í stað þess að gefa út bréf fyrir stofnfjáreigninni, þá verði eign félagsmanna í stofnsjóði færð inn í bækur, en bréfin innkölluð með ákveðnum fyrirvara. Til þess að létta mönnum kostnað er farið fram á lagaheimild til þess að ógilda í einu lagi þau bréf, sem ekki koma þá í leitirnar, með þeim hætti, er í frv. greinir.